



Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 5. ágúst 2011

Tilv.: IRR11080360/21.21

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda

Þann 13. maí sl. undirrituðu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga samkomulag um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Helstu markmið samkomulagsins eru:

- að efla tónlistarnám með aðkomu ríkissjóðs að kennslukostnaði í viðurkenndum tónlistarskólum
- að gera nemendum kleift að stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á miðstigi og framhaldsstigi óháð búsetu.

Á grundvelli samkomulagsins er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga jafnframt heimilt, eftir því sem fjárveitingar leyfa, að veita lögheimilissveitarfélögum viðkomandi nemenda framlög vegna kennslukostnaðar nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags og stunda nám á grunnstigi í söng og hljóðfæraleik og á miðstigi í hljóðfæragreinum að uppfylltu því skilyrði að fyrir liggja staðfesting um að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla.

Samkomulagið gildir frá 1. júlí 2011 til 31. ágúst 2013. Samkvæmt því greiðir ríkissjóður á ársgrundvelli 480 m.kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem annast úthlutanir og greiðslur framlaga til sveitarfélaga. Á móti skuldbinda sveitarfélögin sig til að taka tímabundið yfir ný verkefni frá ríki sem nema 230 m.kr. á ársgrundvelli. Sérstakt samkomulag verður gert milli ríkis og sveitarfélaga um þau verkefni og mun sveitarfélögum berast nánari upplýsingar þar að lútandi.

Í samkomulaginu um eflingu tónlistarnámsins er kveðið á um að innanríkisráðherra setji reglur um úthlutanir og greiðslur framlaga úr Jöfnunarsjóði. Drög að þeim reglum voru birt á vef ráðuneytisins þann 18. júlí sl. Gefinn var frestur til 29. júlí sl. til að koma athugasemdum á framfæri við Jöfnunarsjóð þar að lútandi. Góðar athugasemdir bárust og hefur verið leitast við að taka tillit til þeirra við endanlega framsetningu reglnanna. Reglurnar voru birtar á vef ráðuneytisins 2. september sl.

Umsóknir

Um umsóknir sveitarfélaga um framlög úr Jöfnunarsjóði til eflingar tónlistarnámi er fjallað í 3. gr. reglnanna. Að teknu tilliti til bráðabirgðaákvæðis nr. 1 þá ber sveitarfélögum að skila umsóknum vegna skólaársins 2011 - 2012 til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á vefsíðu sjóðsins undir irr.is/Jöfnunarsjóður/eyðublöð, eigi síðar en 30. september 2011. Umsóknir sveitarfélaga skulu byggðar á upplýsingum frá tónlistarskólum um endanlega nemendaskrá skólaársins. (Sjá nánar á næstu síðu).

Umsóknir kennsluveitarfélaga á grundvelli 2. mgr. 1. gr. reglnanna

Eyðublað 1a og 1b

Fyrir 15. september nk. skulu tónlistarskólar senda því sveitarfélagi, þar sem skólinn starfar, skrá um alla þá nemendur skólans sem falla undir ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglnanna, þ.e. skrá (Eyðublað 1b) yfir þá nemendur sem stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á mið- og framhaldsstigi, hvort sem nemendur eiga lögheimili í sveitarfélaginu eða ekki.

Með tilvísun til þessa sækir kennsluveitarfélag um framlög úr Jöfnunarsjóði (Eyðublað 1a) vegna allra þeirra nemenda sem falla undir ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglnanna hvort sem þeir eiga lögheimili í sveitarfélaginu eða ekki. Að sama skapi berast greiðslur úr Jöfnunarsjóði til kennsluveitarfélags vegna allra þeirra nemenda sem þar stunda nám og falla undir ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglnanna.

Umsóknir lögheimilissveitarfélaga á grundvelli 7. gr. reglnanna

Eyðublað 2a og 2b

Fyrir 15. september nk. skulu tónlistarskólar senda lögheimilissveitarfélagi viðkomandi nemenda skrá um þá nemendur skólans sem falla undir ákvæði 7. gr. reglnanna, þ.e. skrá (Eyðublað 2b) yfir þá nemendur sem ekki eiga lögheimili í kennsluveitarfélaginu og þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags og stunda þar nám á grunnstigi í söng og hljóðfæraleik og á miðstigi í hljóðfæragreinum að uppfylltu því skilyrði að fyrir liggja staðfesting um að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla.

Með vísan til þessara upplýsinga sækir lögheimilissveitarfélag síðan um framlög úr Jöfnunarsjóði (Eyðublað 2a) vegna þeirra nemenda sem falla undir ákvæði 7. gr. reglnanna. Að sama skapi berast greiðslur úr Jöfnunarsjóði til lögheimilissveitarfélags vegna þeirra nemenda sem falla undir 7. gr. reglnanna.

Eyðublað 2c

Við innritun þeirra nemenda sem falla undir ákvæði 7. gr. reglnanna, ber tónlistarskólum að gæta þess að samþykki lögheimilissveitarfélags, sbr. eyðublað 2c, liggja fyrir um nám nemandans enda er það lögheimilissveitarfélagsins að greiða kennslukostnað vegna viðkomandi nemenda til kennsluveitarfélagsins.

Viðmiðunarfjárhæðir

Eins og að framan greinir ber sveitarfélögum að skila umsóknum vegna skólaársins 2011 - 2012 til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eigi síðar en 30. september nk. Þegar upplýsingar liggja fyrir um fjölda innritaðra nemenda á næsta skólaári mun Jöfnunarsjóður sveitarfélaga birta viðmiðunarfjárhæðir skólaársins eftir tegund tónlistarnáms og námsstigi, sbr. ákvæði 4. gr. reglnanna.

Úthlutanir framlaga og greiðslur

Fjallað er um úthlutanir framlaga og greiðslur í 4. gr. reglnanna. Að teknu tilliti til bráðabirgðaákvæðis nr. 2 munu upplýsingar um úthlutanir framlaga úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga fyrir skólaárið 2011 - 2012 liggja fyrir eigi síðar en 31. október 2011.

Á grundvelli bráðabirgðaákvæðis nr. 3 við reglurnar þá munu framlög vegna júlí, ágúst og september koma til greiðslu 31. október nk. ásamt greiðslu vegna októbermánaðar. Að öðru leyti verður um jafnar mánaðarlegar greiðslur að ræða á skólaárinu.

Skilyrði fyrir úthlutun framlaga og greiðslu

Að teknu tilliti til ákvæða 5. gr. reglnanna þá eru skilyrði fyrir úthlutun og greiðslu framlaga skólaárið 2011 - 2012 að upplýsingar um innritun nemenda og umsóknir sveitarfélaga hafi borist Jöfnunarsjóði innan þess frests sem fram hefur komið hér að framan.

Starfsmenn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga leggja áherslu á að eiga góð samskipti við starfsmenn sveitarfélaga um framkvæmd á þessu nýja verkefni sjóðsins og munu fúslega svara fyrirspurnum þar að lútandi.

Fyrir hönd ráðherra


Elín Pálsdóttir


Halldór V. Kristjánsson

Fylgiskj.: Samkomulag um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda.
Reglur um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda
Eyðublöð 1a og 1b vegna umsókna kennslusveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglnanna
Eyðublöð 2a, 2b og 2c vegna umsókna lögheimilissveitarfélaga, sbr. 7. gr. reglnanna